

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga vestursvæði í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á athafnasvæði, athafna- og hafnarsvæði og iðnaðarsvæði á Grundartanga vestursvæði, Hvalfjarðarsveit. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008–2020 og breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008–2020, stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga.

Breytingin varðar breytingu á landnotkun vestursvæðis sem felst í því að breytt er úr iðnaðarsvæði og blandaðri landnotkun iðnaðar- og hafnarsvæðis í athafnasvæði og blandaða landnotkun athafna- og hafnarsvæðis. Austasti hluti vestursvæðis á milli Klafastaðavegar og Mýraholttsvegar er skilgreindur sem iðnaðarsvæði.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 8. desember 2011.*

**Skúli Lýðsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2011